ÞORPIÐ VIÐ LÆKINN

AFSTÖÐUMYND 1:1000



GRUNNMYND KJALLARA 1:200



SKÝRINGARMYND

ÚTLIT NORÐUR 1:200

P 03839

Það mun örugglega gleðja marga Hafnfirðinga að nú eigi að endurnýja byggð við Lækjargötu. Dvergshús, sem byggt var 1965 hefur verið þyrnir í augum margra til langs tíma, þó húsið hafi verið byggt af stórhug þess tíma, af metnaði og framtíðarsýn í skipulagsmálum. Framtíðarsýn sem við erum óðum að hverfa frá og köllum oftar en ekki „skipulagsslys“ með réttu eða röngu. Nú söknum við kvarðans sem byggðin hafði áður og víða sjást nú merki vilja til að endurskapa hann.

Það er verkefnið sem blasir við okkur; að byggja nýbyggingar sem falla að eldri byggð og endurskapa það andrúmsloft sem ríkir víða í gamla Hafnarfirði.

Tillagan gerir ráð fyrir að byggðar verði þyrpingar húsa á reitnum, með blöndu ólíkra gerða og stærða íbúða. Samtals gerum við ráð fyrir 25 íbúðum á reitnum frá 55 m² - 150 m² að stærð.

Með þyrpingum er fangað andrúmsloft „þorpsins“, með krókum og kimum, skúmaskotum og portum. Við horfum til afstöðu íbúðarhúsa í nágrenninu sem byggð eru þétt að götu. Þyrping nær Brekkugötu skírskotar sérstaklega til eldri byggðarinnar á meðan bygging á horni Lækjargötu og Suðurgötu tekur upp samtal við safnaðarheimilið og tónlistarskólann. Lögð er áhersla á sjónlínur á milli húsa, upp Hamarinn, að Læknum og kirkju. Gönguleiðir fyrir almenna umferð þvera þorpið og gera það aðgengilegt fyrir alla.

Efnisval tekur mið af mismunandi gerðum húsa. Mikilvægt er að ekki verði um einsleita byggð að ræða og lögð áhersla á að yfirbragð nýbygginga taki mið af aðliggjandi byggð, þó svo að ljóst sé að hér er um nýja byggð er að ræða. Við gerum ráð fyrir að byggingar verði í aðalatriðum steinsteyptar, einangraðar að utan og klæddar ýmsum efnum. Gluggagerðir eru mismunandi; allt frá eldri gerðum krossglugga til nútímalegra póstalausra glugga.

Það er sérstaklega mikilvægt þegar byggt er þétt að huga að frágangi lóðar. Í tillögu okkar er lögð áhersla á vandaðan frágang útisvæða. Lóðin er í aðalatriðum tvískipt; neðri lóðin með leiksvæði barna í skjólgóðum, hljóðlátum og sólríkum hluta hennar og „hamarinn“ þar sem þau stærri fá verkefni við hæfi.

Bílageymsla er neðanjarðar með aðkomu frá Suðurgötu. 20 bílastæði eru í geymslu og tvö stæði fyrir fatlaða eru á lóð.

Íbúðartýpur

Suðurgata		Stærð	Geymsla	Samtals
01-01	3h	82,0	6,0	88
01-02	3h	95,0	6,0	101
02-01	4h	100,6	6,0	106,6
02-02	3h	82,0	6,0	88
02-03	3h	95,0	6,0	101
03-01	3h	87,0	6,0	93
03-02	3h	74,0	6,0	80
03-03	3h	90,0	6,0	96
				754

Gútto		Stærð	Geymsla	Samtals
01-01	3h	90,0	6,0	96
01-02	3h	102,0	6,0	108
02-01	Raðhús	122,0	6,0	128
02-02	Raðhús	137,0	6,0	143
02-03	Raðhús	122,0	6,0	128
02-04	Raðhús	122,0	6,0	128
				731

Lækjargata		Stærð	Geymsla	Samtals
01-01	Studio	50,0	6,0	56
01-02	2h	50,0	6,0	56
01-03	2h	50,0	6,0	56
01-04	2h	50,0	6,0	56
02-01	Studio	67,0	6,0	73
02-02	Raðhús	156,0		156
02-03	Raðhús	156,0		156
02-04	Raðhús	156,0		156
				623

Brekkugata		Stærð	Geymsla	Samtals
01-01	parhús	140,0	6,0	146
01-02	parhús	140,0	6,0	=U7+V7
Brekkugata bakhús				
01-02	2h	82,0	6,0	88
02-02	Hús	160,0	6,0	166
				400,0

Samtals íbúðir **25**
Bílakjallari **520 m²**
Birtir fermetrar **2508 m²**



YFIRLITSMYND

GRUNNMYND 1.HÆÐAR 1:200

ÚTLIT AUSTUR1:200

P 03839



SNEIÐING A-A 1:200



SNEIÐING B-B 1:200



SKÝRINGARMYND - SJÓNLÍNA OG GÖNGUTENGINGAR

GRUNNMYND 2.HÆÐAR 1:200

ÚTLIT SUÐUR 1:200

GARÐRÝMIÐ

GRUNNMYND 3.HÆÐAR 1:200

ÚTLIT VESTUR 1:200